

Sp. 196. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um að bæta vitakerfið við Ísafjarðardjúp og Súgandafjörð.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við vitamálastjórnina bæta vitakerfið við Ísafjarðardjúp og Súgandafjörð. Sérstaklega skal að því unnið að auka ljósmagn vitanna á Arnarnesi, Óshólum við Bolungavík og að Gelli.

Greinargerð.

Vestfirzkir sjómenn hafa oft undanfarið kvartað undan því, að ýmsir vitar landshluta síns væru ekki nægilega sterkir. Hefði það í för með sér öryggisleysi og erfiðleika við landtöku í vondum veðrum. Sérstaklega hefur þetta þótt við brenna að því er snertir aðalvitana við Ísafjarðardjúp, á Óshólum í Bolungavík, á Arnarnesi og á Gelli við Súgandafjörð. Hefur því verið farið fram á það, að ljósmagn þessara vita yrði aukið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu þýðingarmikið það er fyrir öryggi sjómanna, að góðir og ljóssterkir vitar séu á ströndinni. Hefur og verið markvíst að því unnið undanfarin ár að bæta vitakerfi landsins. En ýmsir gömlu vitanna eru þó ekki eins fullkomnir og skyldi. Virðist það vera staðreynd um þá vita, sem hér að framan greinir.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja því til, að ljósmagn þeirra verði aukið. Er það í samræmi við óskir þeirra sjómanna, sem hér eiga helzt hlut að máli. Verður því að vænta þess, að allt verði gert, sem unnt er, til umbóta í þessum efnum.